

## Efnaeftirlit á áætlun 2023 - Söluskrár 2022 fyrir notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni

Dagsetning	17.5.2023
Fyrirtæki	Kemi ehf.
Heimilisfang	Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík
Kennitala	6401942439
Starfsemi	Innflutningur, heildsala
Eftirlitsstaður	Á ekki við
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Á ekki við
Eftirlitsmaður	Helga Ösp Jónsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Ib Göttler

### SAMANTEKT

Umhverfisstofnun stóð fyrir eftirliti hjá Kemi ehf. með söluskrám ársins 2022 vegna sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna. Fyrirtækið skilaði fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar. Af skráðum kaupendum notendaleyfisskyldra vara á árinu 2022 reyndust allir vera með gild notendaleyfi þegar kaup fóru fram.

### MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

- **Ábyrgðaraðili:** Nafngreindur ábyrgðaraðili sem tilnefndur er af þeim sem býður plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni fram á markaði til að hafa umsjón með markaðssetningu þeirra.
- **Notendaleyfi:** Leyfi sem veitir nafngreindum einstaklingi heimild til að kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur.
- **Notendaleyfisskyld vara:** Plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni þar sem skilgreint er í markaðsleyfi að varan sem um ræðir sé einungis ætluð til notkunar í atvinnuskyni, enda sé krafist sérstakrar kunnáttu við notkun hennar.
- **Markaðssetning:** Að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning. Hvað varðar plöntuverndarvörur er markaðssetning það að hafa umráð með sölu, þ.m.t. að bjóða þær til sölu eða afhendingar í öðru formi, hvort heldur er gegn gjaldi eða án endurgjalds,

og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að undanskilinni endursendingu til fyrri seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á EES telst markaðssetning.

Hvað varðar sæfivörur er markaðssetning það að bjóða tiltekna sæfivöru eða meðhöndlaða vöru fram í fyrsta sinn á markaði, þ.m.t. öll afhending sæfivöru eða meðhöndlaðrar vöru til dreifingar eða notkunar meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

- **Tímabundin skráning:** Plöntuverndarvörur sem voru með gildar skráningar skv. eldri löggjöf áður en efnalög nr. 61/2013 tóku gildi og sótt var sérstaklega um tímabundna skráningu sbr. ákvæði til bráðabirgða í efnalögum. Tímabundnar skráningar plöntuverndarvara gilda þar til að lokið er við að áhættumeta virka efnið í vörunni eða þar til að virka efnið í vörunni hefur verið bannað.
- **Markaðsleyfi:** Leyfi sem veitt er vöru á grundvelli áhættumats. Plöntuverndarvörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Sæfivörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.
- **Leyfishafi:** einstaklingur eða lögaðili sem er handhafi leyfis fyrir plöntuverndarvöru eða sæfivöru.

#### MARKAÐSSETNING NOTENDALEYFISSKYLDRA VARA

Um markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara gildir 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og II. kafli reglugerðar nr. 677/2021. Dreifandi sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur skal tilgreina nafngreindan ábyrgðaraðila til að tryggja að nægjanleg fagþekking sé innan fyrirtækisins. Slíkur einstaklingur skal vera til taks þegar sala fer fram til að veita viðskiptavinum fullnægjandi upplýsingar um notkun varanna og áhættu fyrir heilbrigði og umhverfið. Notendaleyfisskyldum vörum skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að þær séu ekki aðgengilegar viðskiptavinum heldur skulu þær afhentar sérstaklega. Sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur skal halda skrá yfir sölu þeirra og afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar um kaupanda og selt magn á því formi sem stofnunin tilgreinir.

#### KAUP OG MÓTTAKA NOTENDALEYFISSKYLDRA VARA

Til að taka við, kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur skal einstaklingur vera handhafi að notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum eða útrýmingarefnum, eins og við á, sbr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021. Sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur ber ábyrgð á því að einungis handhöfum notendaleyfa séu afhentar slíkar vörur.

#### UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í því skyni hefur stofnunin m.a. eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir löggin með samræmdum hætti á landinu öllu. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og með vörum sem þurfa markaðsleyfi.

Stofnunin stóð fyrir eftirliti hjá Kemi ehf. og var markmið þess að skoða hvort markaðssetning notendaleyfisskyldra vara sem fyrirtækið setur á markað uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 677/2021 um að einungis handhöfum gilds notendaleyfis hafi verið afhentar umræddar vörur.

Í bréfi stofnunarinnar, dags. 26. apríl 2023, var kallað eftir skráum frá Kemi ehf. vegna sölu ársins 2022 á notendaleyfisskyldum vörum og óskað eftir eftirfarandi upplýsingum varðandi hverja og eina vöru: vöruheiti, umbúðastærð, fjölda seldra eða afhentra sölueininga af hverri umbúðastærð, dagsetningu sölu, nafni og kennitölu notendaleyfishafa, sem og nafni og kennitölu fyrirtækis, ef við ætti.

### **NIÐURSTAÐA EFTIRLITS**

Kemi ehf. skilaði fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar þann 16. og 17. maí 2023. Við skoðun á gögnunum kom í ljós að af skráðum kaupendum notendaleyfisskyldra vara á árinu 2022 reyndust allir vera með notendaleyfi í gildi við kaupin.

Akureyri, 21.6.2023

---

Helga Ösp Jónsdóttir